

ofannefndur Pjetur Sigurðsson hafi gjört tilkall til skaðabóta samkvæmt tilskipun um póstmál 26. febrúar 1872, 13. grein.

Í tilefni af þessu, og með því að ekki er útlit fyrir, að póstsending sú, er hjer er um að ræða, muni koma fram við rannsóknir þær, er fyrirskipaðar hafa verið útaf hvarfi hennar, en sá, er hana sendi, virðist eptir svo langan tíma liðinn eiga heimting á, að skaðabætur komi fyrir hana af póststjórnarinnar hendi, vil jeg hjermeð þjónustusamlega skora á yður, herra póstmeistari, að greiða endurgjald fyrir hina hjerumræddu peningasendingu samkvæmt ofannefndri lagagrein, þeim er hana sendi, og telja upphæðina til útgjalda í póstreikningnum fyrir 1884 gegn kvittun hlutaðeiganda.

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Húnavatnssýslu um ráðstafanir til sölu á þjóðjörðum samkv. l. 8/11 1883. — Útaf fyrirspurn yðar, herra sýslumaður, í þóknanlegu brjefi, dags. 14. p. m., læt jeg ekki hjá líða þjónustusamlega að gefa yður til vitundar, að yður ekki ber að hlutast til um virðingu á þjóðjörðum þeim, sem stjórninni með lögum 8. nóvember f. á. er veitt heimild til að selja, fyrri en fyrirskipun þarum kemur frá landshöfðingjanum, en að landshöfðinginn ekki hefur tilefni til að gjöra slíka fyrirskipun fyrri en hlutaðeigendur hafa komið fram með beiðni um að fá jarðirnar keyptar með þeim kjörum, sem ákveðin eru í lögnum.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um eindaga á aðkaupsgjaldi af skipum. — Kaupmaður C. D. Tulinius á Eskifirði hafði í erindi til ráðgjafans fyrir Ísland farið þess á leit, að sjer sem núverandi eiganda jagtskipanna «Flora» og «Virgo», yrðu endurgoldnar 308 kr. og 294 kr., sem 1882 voru greiddar sýslumanninum í Suðurmúlasýslu í aðkaupsgjald af nefndum skipum, og byggði hann einkum þessa beiðni sína á því, að aðkaupsgjald var afnumið með lögum frá 21. sept. f. á.

En með því að sjálfst erindi Tuliniusar kaupmanns, sem eptir beiðni, er hann kom fram með í október í fyrra, fjeck þjóðernisskýrteini útgefið handa hinum hjerumræddu skipum í síðastliðnum aprílmánuði, bar það með sjer, að hann þegar, áður en ofannefnd lög frá 21. sept. f. á. náðu gildi, en það var 20. jan. p. á., sbr. lög 24. ág. 1877 og Stjórnart. 1883, B. bls. 113, var orðinn eigandi að skipum þessum, og með því að gjaldskylda skipanna er komin undir því, hvenær þau verða íslenzk eign, en eigi undir því, hvenær þjóðernisskýrteini voru gefin út fyrir þau, sbr. tilsk. 1. maí 1838, 48. gr., gat ráðgjafinn þegar af þeirri ástæðu eigi veitt hið umbeðna.

Þetta undanfelli jeg eigi hjermeð þjónustusamlega að tilkynna yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir Tulinius kaupmanni.

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Þingeyjarsýslu um toll af skipsforða, sem eigi var talinn sem slíkur á tollskrá. — Með þóknanlegu brjefi frá 26. okt. f. á. hafið þjer, herra sýslumaður, sent hingað erindi verzlunarstjóra Örum & Wulffs á Húsavík, parsem hann fer þess á leit, að verzlun þessi fái endurgoldnar 11 kr. 70 a., sem greiddar hafi verið í toll af 39 pottum brennivíns, er flutzt hafi í fyrra vor með skipinu «Örn-en», og hafi samkvæmt vottorði skipstjóra verið ætlaðir til skipsforða, en eigi tilfærðir sem slíkur á tollskránni, og hafið þjer getið þess, að þjer að vísu væruð siðferðislega